

## **Fundargerð 4. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.**

Fundurinn var haldinn föstudaginn 5. febrúar 2021, kl. 8:30 í fjarfundi gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Lilja Einarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Einar Freyr Elínarson
- Þorbjörg Gísladóttir
- Arndís Harðardóttir
- Eva Björk Harðardóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Egill Sigurðsson
- Valtýr Valtýsson

Auk þess sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR-ráðgjöf.

Páll Tómasson og Hjalti Tómasson boðuðu forföll.

Einar Freyr Elínarson ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Engar athugasemdir.

#### **2. Nýsköpunarverkefni**

Róbert fór yfir punkta frá síðasta fundi.

Rætt um áhersluverkefni í tengslum við sameininguna. Ákveðið var að leggja áherslu á verkefnið um stafræna stjórnsýslu og þjónustu samþykkt var að Róbert og Anton Kári geri drög að tillögu um nýsköpunarverkefni og sendi á nefndina.

#### **3. Tímalína og samráð við starfshópa.**

Róbert fór yfir tímalínu verkefnisins og fyrirhugað samráð við starfshópa. Jafnframt rætt um viðræður við þingflokka og frambjóðendur til Alþingiskosningar. Stefnt verður að því að fulltrúar nefndarinnar fundi með þingflokkum í byrjun mars.

#### **4. Önnur mál**

Samþykkt að næsti fundur nefndarinnar verði föstudaginn 19. febrúar kl. 8:30 í gegnum fjarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30

Fundargerð send fundarmönnum með tölvupósti til staðfestingar.